



Fundargerð stjórnar SSA nr. **1** starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA laugardaginn. 14. september 2013 kl. 15:15
Fundarstaður: Kirkju- og menningarmiðstöðin Eskifirði

Mættir voru til fundar nýkjörnir aðalmenn í stjórn SSA ásamt varamönnum fyrir þá stjórnarmenn sem fjarverandi voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Bárður Jónasson, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Páll Baldursson og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála Austurbrúar sem ritaði fundargerð. Aldursforseti, Arnbjörg Sveinsdóttir bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa og stýrði fundi, meðan dagskrárliður 1 a) var afgreiddur.

- 1. Kjör formanns, tveggja varaformanna og þar með framkvæmdaráðs SSA.**
 - a) Formaður var samhljóða kjörinn Valdimar O. Hermannsson, sem tók síðan við fundarstjórn.
 - b) Fyrsti varaformaður var samhljóða kjörin Arnbjörg Sveinsdóttir.
 - c) Annar varaformaður var samhljóða kjörinn Gauti Jóhannesson. Skipa því framangreind framkvæmdaráð sbr. 8. gr. samþykktta SSA.
- 2. Samþykktir nýafstaðins aðalfundar SSA 2013.**

Samþykkt var að formaður og fulltrúi sveitarstjórnarmála gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi og fylgi þeim eftir svo sem venja er til.
- 3. Fundartími tilhögun stjórnarfunda og framkvæmdaráðsfunda.**

Samþykkt að þriðjudagar verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundi og þeir hefjist að jafnaði um hádegi. Reynt verði að stýra fundum þannig að fundað verði í þeim mánuðum, sem framkvæmdaráðið fundar ekki. Framkvæmdaráðsfundir verða haldnir eftir þörfum.
Stefnt er á næsta stjórnarfund þriðjudaginn 15. október nk. á Breiðdalsvík
- 4. Önnur mál:**
 - a) Málefni laganeftar verða tekin fyrir á næsta stjórnarfundi.
 - b) Drög að samstarfssamningi milli Austurbrúar og SSA verður tekin fyrir á fyrsta fundi stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 15:30
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.